

Upplýsingastefna Kaldalóns hf.

Kaldalón hf. („**Félagið**“) er útgefandi hlutabréfa á First North vaxtarmarkað í Kauphöll Íslands. Upplýsingastefna þessi tekur mið af reglum markaðar með því markmiði að veita hagsmunaaðilum áreiðanlegar upplýsingar á jafnræðisgrundvelli. Upplýsingar eru veittar í samræmi við þau lög, reglugerðir og reglur sem gilda um upplýsingaskyldu félaga skráða á First North markaðinn.

Hagsmunaaðilar og upplýsingamiðlun

Helstu hagsmunaaðilar félagsins eru hluthafar, lánveitendur, fjárfestar, greiningaraðilar á markaði, kauphöll, fjölmiðlar og viðskiptavinir félagsins.

Fréttatilkynningar félagsins, sem falla undir upplýsingaskyldu samkvæmt reglum um félag á First North markaðnum, skulu birtar í gegnum fréttaveitu Nasdaq, GlobeNewsWire. Frétt skal samhliða birt á fjárfestahluta vefsetur Kaldalóns, www.kaldalon.is/fjarfestar. Á fjárfestahluta vefseturs skal jafnframt nálgast söguleg gögn félagsins í samræmi við reglur þess efnis. Þá er upplýsingum miðlað til markaðarins hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar fyrir félagið.

Fréttir sem ekki falla undir upplýsingaskyldu eru birtar á vef félagsins og, eftir atvikum, með fréttatilkynningu til fjölmiðla, ef forstjóri félagsins telur tilefni til.

Félagið og talsmenn þess skulu almennt ekki tjá sig á opinberum vettvangi um hlutabréfaverð félagsins, eða viðskipti með bréf félagsins. Þessir aðilar skulu einnig ekki tjá sig á opinberum vettvangi um um getgátur og orðróm á markaði, nema þess sé krafist samkvæmt reglum sem um félagið og fjármálagerninga þess gilda.

Félagið skal kappkosta að eiga í góðum samskiptum við hagsmunaaðila. Í því skyni er félaginu heimilt að halda kynningarfundir fyrir einstaka hagsmunaaðila. Slíkar kynningar og efni þeirra takmarkast af heimildum sem um lög og reglur um félagið og fjármálagerninga útgefna af því, gilda.

Þagnartímabil

Tveimur vikum fyrir birtingu uppgjörs félagsins skal félagið að jafnaði ekki veita upplýsingar sem geta haft mótandi áhrif á mat hagsmunaaðila á félaginu og fjármálagerningum þess, s.s. fréttir varðandi efnahag eða rekstur félagsins. Krefjist hins vegar lög eða reglur sem um félagið og fjármálagerninga útgefna af því gilda, þess að upplýsingar séu veittar á þessu tímabili skal sú veiting upplýsinga ávallt vera í gegnum GlobeNewWire fréttakerfi Kauphallar, hið minnsta.

Uppgjör og kynningar

Félagið kynnir uppgjör félagsins að minnsta kosti tvisvar á ári. Samhliða birtingu á ársreikningi eða árshlutareikningi skal birta fjárfestakynningu er varðar hlutaðeigandi uppgjör. Í kjölfar slíkrar birtingar heldur félagið kynningarfundum fyrir hagsmunaaðila.

Á kynningarfundum skal jafnframt kynna helstu áherslur félagsins og verkefni. Kynningarfundir geta verið haldnir með rafrænum hætti.

Talsmaður félagsins

Forstjóri félagsins er talsmaður þess. Forstjóri getur veitt öðrum starfsmönnum afmarkaða heimild til að fjalla um málefni félagsins innan ramma upplýsingastefnu þessarar og þeirra laga og reglna sem um félagið og fjármálagerninga þess gilda. Beini hagsmunaaðilar fyrirspurnum til félagsins, skal það vera hlutverk forstjóra félagsins að svara þeim

Forstjóri

Jón Þór Gunnarsson

jon.gunnarsson@kaldalon.is

Forstjóri félagsins ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni stefnunnar

Upplýsingastefna var samþykkt í stjórn Kaldalóns hf. 15. febrúar 2022.